

Sp. 491. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]
um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Greinargerð.

Þjóðkirkja Íslands er elzta stofnun í þessu landi. Um aldaradur var hún, auk þess að vera samnefnari kristinnar trúar, eina verulega menningar- og menntastofnun þjóðarinnar. Margir af höfuðskörungum þjóðarinnar voru þjónar kirkjunnar, svo sem biskuparnir Jón Arason, Brynjólfur Sveinsson og Jón Vídalín og skáldin Hallgrímur Pétursson og Matthías Jochumsson, svo að örfá nöfn séu nefnd. Ekki orkar það heldur tvímælis, að klaustur- og klerkastétt eigum við m. a. það að þakka, að fornbókmenntir okkar hafa varðveitt.

Þrátt fyrir það, að þjóðkirkja okkar sé elzta stofnun í þessu þjóðfélagi og andlegir og veraldlegir skörungar hafi verið þjónar kirkjunnar og fólkið í landinu sé yfirleitt trúrækið og meti og virði kirkju sína, hefur verið og er illa að kirkjunni búið á okkar landi, og lítið eitt eigum við af kirkjum frá fyrri tímum, svo sem aðrar kristnar þjóðir eiga. Er Hóladómkirkja sú, sem helzt ber þar að nefna.

Með siðaskiptunum var kirkjan svipt eignum sínum og jafnframt möguleikum til kirkjubúnaðar, svo að sámilegt væri, og hefur svo verið síðan, þó að á allra síðustu árum hafi fólkið látið sér skiljast, að lítt eða illa búin kirkja hafi áhrif á helgihald kristinna manna. Eins og kunnugt er af sögu fyrri alda, féllu eignir kirkjunnar á miðöldum til hins veraldlega valds, þ. e. konungs og síðar til íslenska ríkisins sem arftaka konungs. Af þeirri ástæðu hefði verið eðlilegt og sjálfsagt, að íslenska ríkið hefði staðið fyrir kirkjubyggingum. En svo hefur ekki verið nema að litlu leyti.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fengnar eru frá embætti biskups um tölu kirkna (það skal þó tekið fram, að embættið hefur fyrirvara um það, að þessar upplýsingar eru ekki grandskoðaðar, en munu þó vera mjög nærri því réttar), eru í landinu um 280 kirkjur, sem skiptast eftir efni á þessa leið:

Timburkirkjur	184
Steinkirkjur	89
Timbur- og steinkirkjur	5
Torfkirkjur	2

Í byggingu eru 17 kirkjur, er Skálholtskirkja þar meðtalin. Á 10 kirkjustöðum er kirkjulaust, og 18 af kirkjum landsins eru mjög lélegar. Eigendur þessara kirkna eru sem hér segir:

Söfnuðir	236
Bændur	26
Ríkið	18

Eins og áður er að vikið, hefði verið eðlilegt, og væri eðlilegt, að ríkið legði fram verulega fjárhæð til byggingar kirkna í landinu. En svo er ekki. Ríkissjóður hefur á síðari árum varið smáfjárhæð til að endurbæta þær kirkjur, sem eru ríkiseign, ef viðkomandi söfnuður hefur þá tekið við þeim til eignar, en annars ekki, og svo hefur ríkissjóður lagt kirkjubyggingarsjóði til hálfar og nú eina milljón króna árlega, sem sjóðsstjórnin hefur svo orðið að skipta á milli allra kirkjubygginga í landinu, sem lánsfé. Þetta er eina aðstoðin, er íslenska ríkið veitir til kirkjubygginga. Þegar aðstoð ríkisins við aðra uppbyggingu í landinu, svo sem skóla, sjúkrahús, félagsheimili, íþróttamannvirki o. fl., o. fl., er borin saman við aðstoð þess við kirkjubyggingar, sést, hve raunalega mikið olnbogabarn þessi elzta og virðulegasta stofnun þjóðarinnar er, og það svo, að undrum sætir, og er þó aðstoð ríkisins við uppbyggingu þá, sem nefnd er hér að framan, hvergi um of.

Ljóst er, að hér þarf að verða breyting á og það nú þegar. Ráðamenn þjóðarinnar þurfa að bæta fyrir vanrækslu fyrri alda og ára. Mun síðar í greinargerðinni bent á leið til úrbóta.

Eins og áður er að vikið, hefur verið á síðari tímum og er nú mikið um kirkjubyggingar þrátt fyrir sinnuleysi ríkisvaldsins. Hafa söfnuðirnir sýnt þar lofsverðan áhuga, Enn fremur hefur aukin rækt verið lögð við listrænt gildi kirkna við

byggingu þeirra hin síðari ár. Má þar til nefna Matthíasarkirkju á Akureyri, sem er bæ og söfnuði til sóma, enda er hún að gerð og staðsetningu með þeim hætti að sameina hið stórbrotna og víðfeðma í andagift Matthíasar og þann helgidóm, sem felst í boðskap hennar.

Hér í Reykjavík stendur yfir stórbrotin og mikil kirkjubygging, sem á að verða verðugur minnisvarði um hið dáða trúarskáld Hallgrím Pétursson. Fjárskortur tefur, að því verki miði svo sem eðlilegt og æskilegt væri, enda með öllu óeðlilegt, að einn söfnuður framkvæmi það verk, heldur á framlag frá þjóðinni allri að koma þar til.

Ýmsir fleiri söfnuðir hafa byggt sér myndarlegar kirkjur og valið þeim fagra staði, þó að þeirra verði ekki getið hér.

Kirkjubyggingar síðari ára og þær kirkjur, sem í smíðum eru, sýna áhuga fólksins á kristinni trú og kirkju, og er slíkt ánægjulegt. Þennan áhuga þarf að hagnýta og örva með því, að ríkisvaldið komi til móts við hann með skilningi og fjárframlagi, en láti ekki sinnuleysi og deyfð eyða honum, eins og nú horfir. Fjárhagur þessara kirkjubygginga yfirleitt er svo erfiður, að nægt gæti til að bera þennan áhuga ofurliði.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að samið verði frv. til laga um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og ákveðin aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu. Væri eðlilegt frá sjónarmiði flm., að lögin um kirkjubyggingasjóð yrðu felld þar inn í.

Hér að framan hefur verið bent á óþrjótandi verkefni í kirkjubyggingum, bæði kirkjusmíðum, þar á meðal stórverk eins og Hallgrímskirkju í Reykjavík, sem þarfnast stórkostlegra fjármuna og þjóðin á að leggja til, og kirkjur, sem þarf að byggja, og einnig kirkjur, sem búið er að byggja, en söfnuðirnir ráða ekki við fjárhagslega nema að takmörkuðu leyti. Öll þessi verkefni þarf og á löggjafinn og fjárveitinga-valdið að aðstoða við að leysa, og er tillaga þessi fram komin til að hrinda því verki í framkvæmd.

Leiðir þær, sem flm. vilja benda á, eru þessar: Ríkissjóður verður að leggja fram meira fé til kirkjubygginga en nú er. Öll rök hniga að því eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir, enda sæmir ekki annað kristinni þjóð, svo sem við Íslendingar erum. Í öðru lagi á að hagnýta sér áhuga fólksins til að leysa þetta verkefni. Á það skal bent, að Íslendingar hafa byggt upp háskóla sinn með áhuga fólksins, með happdrætti, sömuleiðis stofnanir eins og S.Í.B.S. og DAS.

Flm. benda því á þá leið, að þjóðkirkjunni yrði fenginn slíkur tekjustofn til að afla tekna í kirkjubyggingasjóð. Á þann hátt væri hægt að hagnýta áhuga og fórnarlund fólksins og um leið leysa mikið og aðkallandi verkefni.

Það hefur sýnt sig, að þessi þrjú stóru happdrætti hafa dafnað vel hvert við hliðina á öðru og leyst mikið verkefni, og ekki væri ofaukið, þó að þessu væri bætt þar við. Fleiri leiðir gætu að sjálfsögðu komið til greina. En hafa skal þó þau tvö höfuðsjónarmið hugföst, er málið verður búið í frumvarpsform, að þátttaka ríkisins verði aukin í þessari uppbyggingu og áhugi fólksins sé nýttur kirkju landsins og þjóðinni í heild til farsældar og sóma.